

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2014****2015/EES/5/06****frá 9. júlí 2014****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðildarríkja EES-samningsins þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1381/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á fót áætlun um réttindi, jafnrétti og borgararétt fyrir tímabilið 2014–2020 ⁽¹⁾.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2014 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 5. gr. bókunar 31 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Orðin „, í áætluninni sem um getur í fjórtánda undirlið frá 1. janúar 2014“ bætist við á eftir orðunum „í áætluninni sem um getur í þrettánda undirlið frá 1. janúar 2012“ í 5. gr.
2. Eftirfarandi bætist við í 8. mgr.:

„– **32013 R 1381**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1381/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á fót áætlun um réttindi, jafnrétti og borgararétt fyrir tímabilið 2014–2020 (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 62).

Liechtenstein skal aðeins taka þátt í starfsemi sem getur leitt af fjárlagaliðum 33 01 04 01 Útgjöld til að styðja við réttindi og borgararétt og 33 02 02 Stuðlað að banni við mismunun og að jafnrétti.

Noregur skal vera undanþeginn þátttöku í þessari áætlun og fjárframlögum til hennar.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2014 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 62.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.